



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hermann Stefánsson

ABF414G Suður-amerískar nútímabókmenntir

Vor 2014

jme7@hi.is

Óhöndlanleg andartaksútópía

Birting fullkomnunar í *Uppfinningu Morels*

(Flótti frá dystopíu til útópíu og aftur til baka)

*Þar sem bergmálinu sleppir er þögnin jafn
hryllileg og farg í draumum sem engum
hleypir undan sér.¹*

Orðsifjafræðilega þýðir orðið *útópía* staður sem er jafnframt *ekki*-staður – staður sem getur eingöngu átt sér rými í hugmyndaflugi okkar.² Með ferðalagi til betri heims bjóða útópíubókmenntir lesanda upp á möguleika á hliðarheimi utanvið raunveruleikann. Um er að ræða einskonar rof á milli sögulegs raunveruleika og ímyndaðs samfélags. Raunar má segja að útópíur séu andsögulegar og staðnaðar ímyndir sem bjóða eingöngu upp á frosna mynd af samtímanum. Þær hafna framtíðinni því að engin þróun eða breyting getur átt sér stað í hinu fullkomna samfélagi.³ Útópía er þannig, svo að segja, fullkomið ástand. Í raun má segja að á hverjum tímapunkti fyrir sig getur einungis verið um eitt fullkomið ástand að ræða – öll önnur ástönd væru þar af leiðandi ófullkomin. Og ef þróun ætti sér stað á hinu útópíska samfélagi væri hún háð breytingum, og breytingar frá fullkomnu ástandi geta eingöngu leitt til ófullkomnunar, þ.e. *ekki*-útópíu, ekki satt?

En svo einfalt er það þó ekki, því að hið fullkomna ástand er alla jafna tálmynd þeirra sem ekki lifa við slíkt, og heimur þess fólks er án efa háður breytingum og þróun. Þess vegna þróast stöðugt væntingar íbúa veruleikans til útópíu, þ.e. útópíuímynd er stöðugt óstöðug. Því er hún eingöngu augnabliksástand á ákveðnum tímapunkti. Hugtakinu tíma hefur verið úthýst í hugmyndinni um útópíu.⁴ Til þess að útópía geti raungerst þarf því að verða til tímalaust rými óháð væntingum þeirra sem lifa fyrir utan útópíu. Slíkt svæði getur verið á blaðsíðum bókar eða jafnvel í síendurtekinni vörpun ákveðins fullkomins tímabils í rými. Þá getur ekki verið gagnkvæm vitneskja um tilvist

¹ Adolfo Bioy Caseras, *Uppfinning Morels*, óútgefið handrit, þýðing Hermann Stefánsson. bls. 15. (Hvað verður um eftirmyndirnar á meðan þær eru ekki endursýndar?)

² Fátima Vieira, „The concept of utopia“, *The Cambridge Companion to Utopian Literature*, ritstj. Gregory Clayaes, (New York: Cambridge University Press, 2010), bls. 4.

³ Sama rit, bls. 9.

⁴ Sama rit, bls. 9.

útópíu og raunveruleikans, þ.e. íbúar útópíu mega ekki vera háðir væntingum íbúa veruleikans því þá þyrfti útópía væntanlega að þróast og breytast.

Útópían á sér dökkhærða systur með vafasamt eðli. Í tilraunum manna til þess að skálða upp hina fullkomnu stöðnuðu framtíð fæddist tilhneyging manna til að upphugsa andstæðu útópíunnar; dystópíuna. Dystópía er í raun útópía sem fer úrskeiðis. Dystópísk bókmenntasköpun nýtir sér sömu frásagnarmódel og sú útópíska en ólíkt henni, spáir hún því að allt fari úrskeiðis.⁵ Báðum gerðunum má líkja við ferðasöguna. Sagan hefst í raunverulegu samfélagi sem lesandi getur þekkt og séð fyrir sér. Eitthvað verður til þess að sögupersóna ferðast og lendir í kjölfarið á óræðum stað, oft á ónafngreindri eyðieyju. Þar upplifir okkar maður samfélag ólíku sínu eigin. Útópían segir frá fullkomnu sam-félagi á meðan dystópían greinir frá sjúkri birtingarmynd þess. Í lokin á sér stað heimferð aðalpersónunnar eða samsvarandi endir, þar sem söguhetjan segir frá upplifun sinni. Skáldsagan *Uppfinning Morels*⁶ eftir Adolfo Bioy Caseras segir frá manni sem flýr til ónafngreindrar eyju og upplifir þar merkilega atburði sem sagt er frá í dagbók er hann hélt á þeim tíma sem hann lifði á eyjunni. Heimferðin er annarskonar en í dæmigerðri útópíusögu að því leyti að hann flýr veruleika sinn og samrýmist útópíunni í stað þess að snúa aftur heim.

Nokkrar leiðir hafa verið farnar í því að skapa huglægar dystopíur og að mati Fátima Vieira eru tvær leiðir algengastar. Annars vegar er dystópía sköpuð með alræðisstefnu og hins vegar með misnotkun tæknilegra framfara til þess að setja á stofn einræði. Um fyrri gerðina má lesa í *1984* eftir George Orwell, sem er ein frægasta dystopíusaga hins vestræna heims.⁷ Vísindaskáldsagan *The Island of Dr. Moreau*, skrifuð af H. G. Wells árið 1896, er ágætt dæmi um hina gerðina, þ.e. einhver misnotar nýjustu tækni og vísindi í þeim tilgangi að sölsa undir sig völd yfir þegnum tiltekins samfélags.⁸

Rithöfundurinn Thomas More var einna þekktastur fyrir skáldverk sitt *Utopia*, þar sem hugtakið *utopia* kom fram í fyrsta skipti. Á yfirborðinu skrifar hann um útópíu sem verður til þegar einræðisherrann Utopus leggur undir sig ímyndaða þjóð og býr til fullkomið samfélag. Það verður því ekki til út frá sameiginlegu átaki fólksins. Samfélagið

⁵ Sama rit, bls. 15–17.

⁶ Adolfo Bioy Caseras, *Uppfinning Morels*, óútgefið handrit, þýðing Hermann Stefánsson.

⁷ Fátima Vieira, „The concept of utopia“, *The Cambridge Companion to Utopian Literature*, bls. 18.

⁸ Sama rit, bls. 18.

er fullkomlega skapað og getur því ekki átt sér sögu, því það getur fræðilega séð ekki breyst, nema til hins verra.⁹ Útópía, er eins og áður sagði, *ekki*-staður, þ.e. útópía getur ekki verið til. Í raun er ómögulegt að lýsa útópíu, því í hvert sinn sem það er reynt verður hún ósjálfrátt að dystópíu. Hver birtingarmynd útópíu felur í sér dystópíu og um leið og hið fullkomna fyrirkomulag heimsins er sett í orð verður það að dystópíu fyrir einhvern annan, hvort sem sá hinn sami er hluti af nútíð, framtíð eða fortíð. Þetta á við um allar helstu útópíubókmenntir, þar á meðal *Utopiu* Mores. Því til dæmis í samhengi Rússlands kommúnismans á síðustu öld fær hugmyndin um einræði í *Utopiu* á sig afar dystópíska mynd.

Nafn skáldsögunnar *Uppfinning Morels* er bein tilvísun í tækniundur það er Morel nokkur í sögunni hefur fundið upp. Tækið sem um ræðir hefur gert honum kleyft að fanga eina viku í lífi fólksins er dvaldist með honum á eyinni á sínum tíma. Uppfinningin tekur ekki eingöngu upp hljóð og mynd fólksins, í minnstu smáatriðum og varpar því endurtekið til eilífðarnóns, heldur getur tólið einnig fangað tilfinningar, hugsanir, snertingu; í raun allt það sem líf samanstendur af. Spurningin sem eftir stendur er hvort apparatið geti með sama móti fangað sálina og er því leyft að liggja á milli hluta í lok sögunnar. Um leið og upptakan er fullgerð veslast fólkið upp með meðfylgjandi hræðilegum líkamssárum. Það eina sem eftir verður af fólkinu er endurtekin allsherjar endursýning á lífi þess, þá viku sem það dvaldi á eyinni. Vikan er að sögn Morels hápunktur lífs fólksins og á að birta hið fullkomnasta líf sem það gæti átt.¹⁰ Við hverja endursýningu er vikan endurtekin og fólkið, ásamt öllum öðrum lífverum í grennd, vita grunlaus um að hafa leikið sömu sýningu áður, ítrekar alla atburði vikunnar í smæstu smáatriðum. Vikan er frosið augnablik í eilífðinni – staðnað módel fullkominnar hamingju.

Nafn Morels er nokkuð augljós tilvísun í Thomas More. Einnig tengist nafnið vísindamanninum í *The Island of Doctor Moreau*. Morel og Moreau eru báðir þekktir fyrir að nýta uppfinningar sínar til þess að skapa samfélag. Á meðan annað er dystópískt blendingssamfélag apa og manna sem er undirokað af dr. Moreau, er hitt útópískt

⁹ Alain Touraine, „Society as Utopia“, *Utopia: The Search for the Ideal Society in the Western World*, ritstj. Roland Schaer, Gregory Claes og Lyman Tower Sargent, (New York, Oxford: The New York Public Library, Oxford university Press, 2000), bls. 20.

¹⁰ Þrátt fyrir að fáeina félaga vanti í venskapinn.

vikulangt ástand sem endist út eilífðina, og vika samanborið við óendanleika er enda andartak að lengd. „Ef eyjan sykki – að undanskildum tækjabúnaði og sýningarvélum – sæjust myndirnar áfram, safnið, eyjan sjálf.“¹¹ Og þó svo Jörðin öll og alheimurinn hyrfi myndi vélin ávallt endursýna hina útópísku viku, þar sem sjávarföllin er knýja uppfinninguna eru hluti af upptökunni. Því er uppfinningin eilífðarvél. Útópíur og eilífðarvélar eiga það sameiginlegt að vera upphugsaðar af mönnum, en að sama skapi ætíð fullkom-lega ómögulegar.

Í stöðnun sinni má þó líkja útópíu *Uppfinningu Morels* við dystopíu. Aðkomumaðurinn dvelur á eyjunni óræðu í einhvern tíma og verður vitni að endursýningunum endurteknu. Hann gerir sér smátt og smátt grein fyrir að þó svo hann geti vel séð fólkið þá er það alls óvitandi um tilvist hans, eða nokkuð annað sem ekki er innifalið á upptökunni, eins og ágang tímans á eyjuna. Vikan endursýnda er ætíð sama vikan óháð tímabundnum sveiflum í veðurfari, sem og árstíðabundinni fínu eða flóru eyjarinnar. Það sem hefur átt sér stað eftir upptökuna, fellur annað hvort í skugga upptökunnar, er sem óháð lag ofan á henni eða magnar hana. Þá virðast persónur endursýningarinnar ýmist synda í forugu vatni og stíga dans í stormi eða sefgresi sem iðar af snákum. Ástand sem þetta er augljóslega sjúkt, öllu heldur dystopískt, fyrir utanaðkomandi aðila, en ekki þátttakendur upptökunnar. Spurning er þá hver það er sem upplifir útópíuna. Er það fólkið á eynni, Morel sjálfur eða aðkomumaðurinn? Morel segir sjálfur að hann vildi ekki greina frá ætlun sinni fyrr en í enda vikunnar þar sem útópían hefði aldrei tekist ef fólkið vissi að þetta væri síðasta vika lífs þeirra. Því má gera ráð fyrir að útópían sé ekki hans. Sem leiðir að annarri spurningu. Er yfirleitt mögulegt að njóta útópíu ef þú veist ekki að þú ert staddur í slíkri? Nú er ljóst að flestir gestir Morels nutu vikunnar sem leið, en voru þeir staddir í útópíu? Það er spurning sem fæst ósvarað, en til þess að geta haldið áfram skulum við gera ráð fyrir að um ekta útópíu sé að ræða. Aðkomumaðurinn virðist allavega halda það á einum tímapunkti.

Hringferillaga eilífð kann að virðast óbærileg í augum áhorfanda. Hún er fullnægjandi fyrir þá sem hana lifa. Þeir eru frjálsir undan ótíðindum og sjúkdómum og lifa ætíð sem í

¹¹ Adolfo Bioy Caseras, *Uppfinning Morels*, bls. 87.

fyrsta skipti, án þess að muna hin fyrri. Taktviss frammígrip sjávarfalla gera þar að auki að verkum að endurtekningin er ekki óbilgjörn.¹²

Aðkomumaðurinn verður heillaður að útópíunni, öllu heldur ástfanginn af einni konunni í endursýningunni, henni Faustine. Í raun má segja að hann heillist af einni útópíunni, þar sem hver fönguð lífvera er sem eigin útópía út af fyrir sig. Faustine verður hið fullkomna ástarviðfang fyrir aðkomumanninn, staðnað módel, fullkomin endurtekning líkama og lífs hennar. Aðkomumaðurinn þráir að verða partur af útópíunni sem hann þykist sjá á upptökunni og að Faustine veiti sér eftirtekt.

Nú þegar ég hef vanist því að horfa upp á líf sem endurtekur sig þykir mér mitt eigið vera óviðráðanlega tilviljanakennt. Öll viðleitni til leiðréttinga er fánýt: fyrir mér verður ekkert næsta skipti, sérhvert andartak er einstakt, öðruvísi, og mörgum þeirra er kastað á glæ.¹³

Sú staðreynd að aðkomumaðurinn ákveður að verða partur að upptökunni í þeirri von um að aðrir (kannski hann sjálfur þegar hann horfir á endursýninguna) síðar munu telja hann og Faustine óaðskiljanlega vini rennir stoðum undir þá kenningu að útópían sé þeirra sem horfa á hana. Ennfremur ef upptakan er eiginleg útópía, þá gildir að ef honum tekst ætlunarverk sitt, að verða marktækur hluti af upptökunni, spillist útópían af hans völdum þar sem verkið er nú þegar fullkomið og breyting á fullkomnu ástandi getur aðeins haft neikvæðar afleiðingar. Hann getur eingöngu spilt útópíunni.

Hugtakið *útópía* hlýtur að pirra manninn, ef litið er til sumra sagna sem bera keim af útópíuhugsun. Margar þeirra segja frá einstaklingi eða hópi sem leggur í ferðalag til framandi staðar eða lendir á útópískum stað fyrir tilviljun. Kakambus og Birtingur í skáldsögu Voltaires, *Birtingur*, sjást í allsnægtarlandinu El Dorado þar sem gangstéttar eru lagðar gulli og gimsteinum, engin trúarbrögð ríkja og konungurinn er réttlátur og góður, áfengi rennur í gosbrunnum, hvergi eru fangelsi og allir eru hamingjusamir. En jafnframt því að vera hamingjuríkasti staður á jarðríki er hann einnig sá óáhugaverðasti, og því leiðist okkar mönnum. Því ákveða þeir að snúa aftur í

¹² Adolfo Bioy Caseras, *Uppfinning Morels*, bls. 75.

¹³ Sama rit, bls 75.

þann hörmungaheim er þeir komu frá.¹⁴ Þetta er algengt stef í útópíusögum, þ.e. að þeir sem ferðast til fullkomins lands geti ekki látið sér líka vel í fullkomnuninni og flýi hana á endanum. Siðaboðskapurinn „grasið er ekki alltaf grænna hinum megin“ og „hinn besta hugsanlega heim er í raun að finna í manns eigin bakgarði“ er þá víða að finna í útópískum bókmenntum. Getur þetta viðhorf stafað af hve óhöndlanlegt hugtak *útópía* er í reynd.

Peter Kraftl vill skoða andstæðuhugtökin *útópía/dystópía* í samhengi við hugtökin *kunnuglegt/ókennilegt* (e. *homely/unhomely* eða *uncanny*).¹⁵ Samkvæmt Sigmund Freud er hið ókennilega nátengt hinu kunnuglega, þar sem ókennileiki stafar af ómannlegri endurtekningu hins sama, eins og hjá vélmanni eða þegar við upplifum *hið áður séða* (fr. *déjà vu*). Hið kunnuglega verður ókennilegt við endurtekninguna. Á sama hátt og mörkin óskýrast á milli hins ókennilega og kunnuglega verða mörkin á milli útópíu og dystopíu sífellt þokukenndari.¹⁶ Í útópíu/dystopíu sameinast því andstæður líkt og gott og slæmt, rétt og rangt, skemmtilegt og leiðinlegt, o.fl. Í *Uppfinn-ingu Morels* felst ókennileikinn í endursýningu vikunnar. Aðkomumanninum verður smám saman ljóst að fólkið á eyinni er endurtekin útgáfa af sjálfu sér. Í fyrstu virkar það ókennilega á hann, en eftir því sem á líður sættir hann sig sífellt betur við hið ókennilega ástand endurtekningarinnar. Hið ókennilega samrýmist hinu kunnuglega og aðkomumaðurinn lærir að lifa með ástandinu, hann lærir hvað hann þarf að forðast, þ.e. að lokast inni, og hvað er hættulaust. Að lokum verður það svo að hann gengst svo gersamlega inn á ókennileikann að hann nýtir sér tækjakost Morels og sameinast endursýningu upptökunnar.

¹⁴ „Voyages to the Lands of Nowhere“, *Utopia: The Search for the Ideal Society in the Western World*, bls. 137.

¹⁵ bls. 216.

¹⁶ Peter Kraftl, „Constructing, Performing and Unsettling Utopia: Geographies of Built Space at the Hundertwasser-Haus, Vienna“, *Nowhere Somewhere: Writing, Space and the Construction of Utopia*, ritstj. José Eduardo Reis og Jorge Bastos da Silva, (Porto: Editora da Universidade do Porto, 2006), bls. 215.

Heimildir

Caseras, Adolfo Bioy: *Uppfinning Morels*, óútgefið handrit, þýðing Hermann Stefánsson.

Kraftl, Peter: „Constructing, Performing and Unsettling Utopia: Geographies of Built Space at the Hundertwasser-Haus, Vienna“, *Nowhere Somewhere: Writing, Space and the Construction of Utopia*, ritstj. José Eduardo Reis og Jorge Bastos da Silva, (Porto: Editora da Universidade do Porto, 2006).

Touraine, Alain: „Society as Utopia“, *Utopia: The Search for the Ideal Society in the Western World*, ritstj. Roland Schaer, Gregory Claeys og Lyman Tower Sargent, (New York, Oxford: The New York Public Library, Oxford university Press, 2000), bls. 18–31.

Vieira, Fátima: „The concept of utopia“, *The Cambridge Companion to Utopian Literature*, ritstj. Gregory Claeys, (New York: Cambridge University Press, 2010), bls. 3–27.

„Voyages to the Lands of Nowhere“, *Utopia: The Search for the Ideal Society in the Western World*, ritstj. Roland Schaer, Gregory Claeys og Lyman Tower Sargent, (New York, Oxford: The New York Public Library, Oxford university Press, 2000), bls. 132–139.